

Samþykktir fyrir Ábyrgðasjóð Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins

Tilgangur

1. grein

Tilgangurinn með Ábyrgðasjóðnum er að skapa traust milli viðskiptavina annars vegar og verktaka sem starfa innan Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins (MSI) og tryggja viðskiptavinum félagsmanna MSI eins og kostur er að vinna framkvæmd af félagsmönnum MSI sé í samræmi við skriflegt samkomulag um verkið og góð fagleg vinnubrögð.

Standist vinnan af einhverjum ástæðum ekki þær kröfur sem viðskiptavinirnir gera til verksins hafa þeir möguleika á að leggja málið fyrir úrskurðarefnd MSI. Úrskurðarnefndin mun þá snúa sér í fyrstu til meistarafélags viðkomandi félagsmanns sem hefur 14 daga til að leysa úr ágreiningi. Takist það ekki tekur úrskurðarnefndin málið fyrir.

Stjórn og skipulag Ábyrgðasjóðs

2. grein

Stjórn MSI fer jafnframt með stjórn sjóðsins, en dagleg umsýsla hans er í höndum starfsmanns Meistaradeildar SI.

Aðild og skyldur

3. grein

Sjóðurinn stendur að baki öllum félagsmönnum innan MSI og hefur að markmiði að tryggja að viðskiptamenn þessara fyrirtækja fái þau gæði sem um var samið.

Félagsmenn MSI skuldbinda sig til að tryggja eins og kostur er að viðskiptamenn þeirra fái það verk sem um var samið vel og samvisskusamlega unnið og í samræmi við almenna góða viðskiptahætti.

Hætti félagsmaður í MSI er hann samt sem áður skuldbundinn til að fylgja þessum reglum hafi verkið sem um ræðir verið unnið meðan hann var félagsmaður.

Þau félög sem aðild eiga að Ábyrgðasjóðnum greiða kr. 5.000. fyrir hvern félagsmann, eða innheimta hjá honum, til eignamyndunar í sjóðnum.

Verkefni Ábyrgðasjóðs

4. grein

Ábyrgð sjóðsins tekur til allra verkefna sem samið hefur verið um skriflega milli félagsmanns innan MSI og einstaklings, sjá gr. 5.

Það er skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins að verktaki sé félagsmaður í MSI á þeim tíma sem viðkomandi verk var framkvæmt.

Sjóðurinn bætir eingöngu úr vanefndum á því að verkið hafi verið rétt og faglega útfært. Sjóðurinn tekur þannig ekki á því að ljúka verki sem ekki hefur verið framkvæmt.

Sjóðurinn bætir ekki efnisgalla eða galla sem kunna að stafa af röngum upplýsingum framleiðenda.

Hámarks krafa um lagfæringar á verki eru kr. 2.000.000 að meðtöldum virðisaukaskatti og að meðtalinni þeirri upphæð sem hefur verið lögð fram sem trygging fyrir verklokum (deponering), sbr. gr. 6.

Sjóðurinn bætir bein útgjöld (laun, launatengd gjöld og efni) sem tengist því að ljúka viðkomandi verki svo sómi sé að. Sjóðurinn bætir ekki annan hugsanlegan skaða.

Sjóðurinn bætir ekki vinnu sem unnin er af undirverktaka nema því aðeins að undirverktakinn sé einnig félagsmaður í MSI. Verktaki skal alltaf tilgreina alla undirverktaka við undirritun verksamnings.

Sjóðurinn bætir aðeins galla á verki sem framkvæmt er á Íslandi.

Áður en kemur til greiðslu úr sjóðnum skal vera fullreynt að viðskiptavinurinn eigi ekki rétt á að fá tjón sitt bætt í gegnum aðrar tryggingar. Greiðsla úr sjóðnum kemur einungis til álita þegar búið er að tæma þann rétt viðskiptavinarins.

Hvað fellur undir ábyrgð sjóðsins?

5. grein

Ábyrgðasjóðurinn nær til eftirfarandi:

1. Einstaklinga sem eru eigendur húsnæðis og gert hafa skriflegan samning við félagsmann í MSI um ákveðið verk á sinni eign hvort sem um íbúðarhús eða frístundahús er að ræða.
2. Einstaklinga sem eru leigjendur eða búseturéttarhafar og gert hafa skriflegan samning við félagsmann í MSI um ákveðið verk í íbúð sem þeir hafa umráðarétt yfir.
3. Húsfélög sem gert hafa skriflegan samning við félagsmann í MSI um ákveðið verk á sameign húsfélagsins.

Í öllum tilvikum er það skilyrði fyrir aðkomu Ábyrgðasjóðsins að gerður hafi verið skriflegur samningur um framkvæmdina milliliðalaust milli félagsmanna MSI og einstaklinga, sbr. hér að framan.

Grunnskilyrði fyrir meðferð máls

6. grein

Ábyrgð sjóðsins er bundin því skilyrði að viðskiptavinur hafi kært málið innan árs frá verklokum, að meistarafélag viðkomandi félagsmanns MSI hafi haft möguleika á að leysa málið án aðkomu úrskurðarnefndarinnar og að viðskiptavinurinn hafi lagt fram tryggingu (deponerað) fyrir reikningi fyrirtækisins fyrir umrædda vinnu, hafi viðskiptavinur haldið eftir hluta greiðslu til verktakans.

Málsmeðferð

7. grein

Hafi úrskurðarnefnd úrskurðað að krafa einstaklings, sbr. gr. 5, á hendur félagsmanni í MSI sé að hluta til eða að öllu leyti réttmæt og hafi viðkomandi félagsmaður MSI ekki bætt úr innan tilskilins frests, tekur stjórn Ábyrgðasjóðsins málið til meðferðar.

Sé niðurstaða úrskurðarnefndar á þá leið að verkinu sé ábótavant mun Ábyrgðasjóðurinn sjá til þess að úr sé bætt sbr. gr. 4, gegn kröfu á hendur viðkomandi félagsmanni innan MSI. Endurbæturnar verða unnar af félagsmanni MSI sem Ábyrgðasjóðurinn tilnefnir. Verði endurbæturnar unnar af öðrum bætir sjóðurinn ekki skaðann.

Sjóðurinn mun nýta hugsanlega deponeraða upphæð að hluta til eða að öllu leyti til að mæta kostnaði við endurbæturnar.

Skuldbinding sjóðsins gildir í 3 mánuði frá birtingu úrskurðar. Hafi á þeim tíma ekki verið gerð krafa um endurbætur verksins fellur bótaábyrgð sjóðsins niður.

Frávísun

8. grein

Ábyrgðasjóðurinn getur vísað máli frá hafi einstaklingur lýst sig andvígán því að viðkomandi fyrirtæki vinni verkið í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar.

Verði ekki sátt um þá málsmeðferð sem felst í úrskurði úrskurðarnefndarinnar og málið fer fyrir almenna dómstóla er ekki hægt að krefjast greiðslu úr sjóðnum.

Skuldbindingar félagsmanna MSI gagnvart Ábyrgðasjóðnum

9. grein

Félagsmenn MSI skuldbinda sig til að hlíta úrskurði úrskurðarnefndarinnar. Úrskurðinum ber að framfylgja innan 30 daga frá birtingu. Hafi úrskurðurinn veruleg fjárhagsleg útgjöld í för með sér fyrir viðkomandi félagsmann eða fordæmisgildi er honum heimilt innan 7 daga að tilkynna nefndinni og viðkomandi viðskiptavini að hann sætti sig ekki við úrskurðinn og muni ekki greiða bætur nema að undangengnum dómi.

Hafi aðkoma sjóðsins að máli við að uppfylla kröfur úrskurðarnefndarinnar í för með sér kostnað mun sjóðurinn endurkrefja þann félagsmann sem krafan beinist að. Félagismaður MSI er skyldugur til að standa skil á umræddum kostnaði.

Útilokun

10. grein

Félagsmanni sem verður valdur að tjóni sem Ábyrgðasjóðurinn þarf að standa straum af og greiðir ekki til baka þann kostnað sem sjóðurinn verður fyrir, skal vikið úr MSI. Hafi félagsmanni verið vikið úr samtökunum, eða hann hætt falla ekki niður kröfur MSI á hendur honum um að bæta þann kostnað sem sjóðurinn verður fyrir og mun sjóðurinn endurkrefja þann kostnað með lögbundnum innheimtuaðgerðum.

Gildistaka

12. grein

Ábyrgðasjóðurinn tekur til starfa 18. maí 2010 og nær eingöngu til verka sem samið verður um eftir þann dag.

Lagabreytingar

13. grein

Reglum þessum er eingöngu hægt að breyta á aðalfundi MSI.

Samþykkt á stjórnarfundum þann 20. apríl 2010.

Málameistarafélag Reykjavíkur

Meistarafélag Suðurlands

Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi

Félag Skrúðgarðyrkjumeistara

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði

Félag blikksmiðjueigenda

Samtök iðnaðarins